

Fundargerð

Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshlíða


14. fundur Skólaþjónustu- og velferðarnefndar var haldinn í fundarherbergi Skóla- og velferðarþjónustu í Hveragerði miðvikudaginn 6. apríl 2016 kl 16.30. Mættir voru: Bryndís Böðvarsdóttir, Helena Helgadóttir, Unnur Þormóðsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Ásmundur Lárusson og María Kristjánsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árneshlíða.


Sigurbára Rúnarsdóttir og Hörður Óli Guðmundsson boðuðu forföll og einnig varamenn.

1. Lagt fram til kynningar tölulegar upplýsingar skóla- og velferðarþjónustu árið 2015.
2. Kynning á viðbragðsteymi heimaþjónustu.
3. Trúnaðarmál. 3 mál skráð í trúnaðarmálabók.


Fundi slitið kl 18.30



Bryndís Böðvarsdóttir, formaður


Unnur Þormóðsdóttir


Ásmundur Lárusson


María Kristjánsdóttir


Helena Helgadóttir



Bjarney Vignisdóttir

VELFERÐARÞJÓNUSTA 2015


TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Félagsleg heimaþjónusta

Árnesþing



Bláskógabyggð:



Þjónusta sem veitt var á árinu:

Alls var veitt 3.168 tímar í heimaþjónustu sem skiptast þannig:

1536 tímar í þrif

40 tímar persónuleg þjónusta


1592 tímar í þrif og persónulega þjónustu

Fjöldi stöðugilda 2,68

Kostnaður pr. vinnustund 5.269

Heildarkostnaður 16.692.287

Flóahreppur:



Þjónusta sem veitt var:

Alls var veitt 2.170 tímar í heimaþjónustu sem skiptist þannig:

610 tímar í þrif


1560 tímar í þrif og persónulega þjónustu

Fjöldi stöðugilda 1,56

Kostnaður pr. vinnustund 6.711

Heildarkostnaður kr. 14.564.367

Grímsnes- og Grafningshreppur:



Þjónusta sem veitt var:

Alls var veitt 980 tímar í heimaþjónustu sem skiptist þannig:

648 tímar í þrif


332 tímar í þrif og persónulega þjónustu

Fjöldi stöðugilda 0,63

Kostnaður pr. vinnustund 4.213

Heildarkostnaður kr. 4.129.406

Hrunamannahreppur:



Þjónusta sem veitt var:

Alls var veitt 2.176 tímar í heimaþjónustu sem skiptist þannig:

1136 tímar í þrif


1040 tímar í þrif og persónulega þjónustu

Fjöldi stöðugilda 2,14

Kostnaður pr. vinnustund 6.711

Heildarkostnaður kr. 11.813.809

Skeiða- og Gnúpverjahreppur:



Þjónusta sem veitt var:

Alls var veitt 2.142 tímar í heimaþjónustu sem skiptist þannig:

916 tímar í þrif


1226 tímar í þrif og persónulega þjónustu

Fjöldi stöðugilda 1,56

Kostnaður pr. vinnustund 3.909

Heildarkostnaður kr. 8.374.749

Hveragerði:



Þjónusta sem veitt var:

Alls var veitt 3.141 tímar í heimaþjónustu sem skiptist þannig:

3.035 tímar í þrif


106 tímar í þrif og persónulega þjónustu

Fjöldi stöðugilda 4,05

Kostnaður pr. vinnustund 6.047

Heildarkostnaður kr. 18.993.627

Sveitarfélagið Ölfus:



Þjónusta sem veitt var:

Alls var veitt 2.554 tímar í heimaþjónustu sem skiptist þannig:

257 tímar í þrif

65 eingöngu persónuleg þjónusta

2.232 tímar í þrif og persónulega þjónustu


Fjöldi stöðugilda 2,27

Kostnaður pr. vinnustund 7.758

Heildarkostnaður kr. 19.814.060


Fjárhagsaðstoð

Fjöldi fjárhagsaðstoðarþega í Árneshöfði



Fjöldi fjárhagsaðstoðarþega í Uppsveitum Árneshöfðis og Flóa

Laugarás




Skeiða- og Gnúpverjahreppur 2 einstaklingar
Hrunamannahreppur 3 einstaklingar kostnaður
Grímsnes og Grafningshreppur 6 einstaklingar
Bláskógabyggð 7 einstaklingar
Flóahreppur enginn einstaklingur

kr. 326.527
kr. 2.574.597
kr. 3.207.269
kr. 1.292.501
kr. 0

Heildarfjöldi fjárhagsaðstoðarþega
Heildarfjárhæð fjárhagsaðstoðar 2015

18 einstaklingar
kr. 7.400.894


Hveragerði:



Heildarfjöldi fjárhagsaðstoðarþega
Heildarupphæð fjárhagsaðstoðar árið 2015

60 einstaklingar
kr. 20.906.876


Sveitarfélagið Ölfus:




Heildarfjöldi fjárhagsaðstoðarþega
Heildarupphæð fjárhagsaðstoðar árið 2015

37 einstaklingar
kr. 15.685.709


Fjárhagsaðstoð eftir aldri og kyni:




Hveragerði




Sveitarfélagið Ölfus




Uppsveitir Árnessýslu og Flói




Barnavernd




Heildarfjöldi tilkynninga árið 2013 2014 og 2015




Tilkynningarástæður 2015 :




Fjöldi barna sem tilkynnt var um:




Könnun mála:



Staða mála eftir könnun:





Staða barnaverndarmála í árslok 2014



Málefni fatlaðs fólks:

Fjöldi fatlaðs fólks sem njóta þjónustu skipt eftir starfsstöðvum:




Lykiltölur	2014	2015
Heimabjónusta		
<i>Bláskógabyggð</i>		
Fjöldi heimila	23	20
Kostnaður	14.455.265	16.692.287
<i>Flóahreppur</i>		
Fjöldi heimila	14	12
Kostnaður	13.019.899	14.564.367
<i>Grímsnes- og Grafningshreppur</i>		
Fjöldi heimila	8	7
Kostnaður	3.687.506	4.129.406
<i>Hrunamannahreppur</i>		
Fjöldi heimila	22	23
Kostnaður	7.900.596	11.813.809
<i>Skeiða- og Gnúpverjahreppur</i>		
Fjöldi heimila	16	15
Kostnaður	7.597.830	8.374.749
<i>Hveragerði</i>		
Fjöldi heimila	56	63
Kostnaður	19.286.609	18.993.627
<i>Ölfus</i>		
Fjöldi heimila	46	41
Kostnaður	15.378.211	19.814.060
Fjárhagsaðstoð		
<i>Bláskógabyggð</i>		
Fjöldi fjárhagstoðarþega	8	7
Kostnaður	1.831.757	1.292.501
<i>Flóahreppur</i>		
Fjöldi fjárhagstoðarþega	1	0
Kostnaður	1.22.852	0
<i>Grímsnes- og Grafningshreppur</i>		
Fjöldi fjárhagstoðarþega	3	6
Kostnaður	1.925.148	3.207.269
<i>Hrunamannahreppur</i>		
Fjöldi fjárhagstoðarþegar	2	3
Kostnaður	2.888.862	2.574.597
<i>Skeiða- og Gnúpverjahreppur</i>		
Fjöldi fjárhagstoðarþega	0	2
Kostnaður	0	326.527
<i>Hveragerði</i>		
Fjöldi fjárhagstoðarþega	51	60

Kostnaður	19.250.754	20.906.876
<i>Ölfus</i>		
Fjöldi fjárhagstoðarþega	26	37
Kostnaður	9.348.693	15.685.709
Barnavernd		
<i>Laugarás</i>		
Fjöldi tilkynninga	9	21
Fjöldi barna sem tilkynnt er um	9	17
Fjöldi mála í könnun	6	10
<i>Hveragerði</i>		
Fjöldi tilkynninga	41	
Fjöldi barna sem tilkynnt er um	34	16
Fjöldi mála í könnun	22	13
<i>Ölfus</i>		
Fjöldi tilkynninga	29	17
Fjöldi barna sem tilkynnt er um	23	14
Fjöldi mála í könnun	12	14


TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR SKÓLAÞJÓNUSTA 2015

Hér fyrir neðan eru upplýsingar um mál sem kennsluráðgjafar hafa unnið að á árinu 2015.



Mál sem flokkað eru í annað eru t.d. ráðgjöf vegna þróunarverkefna, umsóknir um styrki og upplestarkeppni.

Hér fyrir neðan eru upplýsingar um mál sem sálfræðingar hafa unnið að á árinu 2015.



Viðbragðsteymi heimaþjónustu - kynning

Viðbragðsteymið á uppruna sinn í Reykjavík og var sett á laggirnar 2010 af Sigrúnu Ingvarsdóttur félagsráðgjafa, yfirmanni viðbragðsteymis og deildarstjóra þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis.

Á sumum heimilum er þörf á meiri aðstoð en felst í hefðbundinni félagslegri heimaþjónustu, t.d. af völdum söfnunaráráttu og þarf oft að ráða hreingerningafyrirtæki til að koma heimilinu í betra horf til að félagsleg heimaþjónusta geti hafist. Þrátt fyrir aukna og viðameiri aðstoð fór margt í sama farið á vissum heimilum og ljóst var að úrræðin teldust ekki fullnægjandi. Þörf var á að auka heildræna aðstoð og sérhæfingu til að árangur yrði vænlegri til langframa og þar kom viðbragðsteymið inn.

Takmark vinnu viðbragðsteymisins er að fólk geti boðið öðrum inn á heimili sitt, að fólk geti tekið móti þjónustuaðilum og að það geti farið út á meðal annarra án þess að hafa áhyggjur af því að lykta illa eða vera illa tilhaft. Viðbragðsteymið aðstoðar þess vegna ekki eingöngu við að koma heimilinu í horf, heldur einnig aðstoðar það fólk við að rjúfa félagslega einangrun, sinna sjálfu sér og fjármálum sínum ef þörf krefur.

Hugmyndafræðin að baki vinnu viðbragðsteymisins snýst um að hafa *virðingu* fyrir einstaklingnum í fyrirrúmi og ýta undir *sjálfsákvörðunarrétt*. Forsenda vinnu viðbragðsteymisins er myndun *trausts*. *Viðurkenning*, *samþykki* og *samvinna* með viðkomandi eru einnig grunnþættir. Ekki er farið inn á heimili nema með fullu samþykki viðkomandi. Starfsmenn þurfa að hafa jákvætt viðhorf, vera frumlegir og lausnamiðaðir í því að aðstoða viðkomandi. Oft þarf að fara margar ferðir í Sorpu, selja hluti eða gefa á nytjamaðkaði. Í vissum tilvikum þarf að fá viðbótarþjónustu eins og meindýraeyði og er mælt til þess að einstaklingurinn borgi sjálfur ef hann hefur ráð á því ellegar fái aðstoð við að sækja um styrki hjá félagsþjónustu.

Viðbragðsteymið vinnur þverfaglega með heimahjúkrun meðal annars og fær tilvísanir frá félagsráðgjafa, oft út frá ábendingum frá barnavernd, lögreglu, sjúkrahúsum og/eða geðdeildum. Að verki loknu er unnin greinargerð um þá vinnu sem unnist hefur á heimilinu og í lokin eru skilafundir er vinnu viðbragðsteymisins lýkur þar sem greinargerðin afhendist tilvísunaraðila. Mikilvægt er að tryggja að það myndist ekki hlé á þjónustu milli þess sem starfi viðbragðsteymis lýkur og félagsleg heimaþjónusta hefst.

Árnesþing

Ekki eru mörg heimili í Árnesþingi sem krefjast sérhæfðari úrræða líkt og felst í vinnu viðbragðsteymisins. Það kemur þó reglulega fyrir og þá er þörfin brýn. Vinna viðbragðsteymis myndi felast í tímabundnum verkefnum sem unnin væru í samvinnu milli sveitarfélaga. Starfsmenn hlytu þjálfun og fræðslu um undirstöðuatriði verkferla og hugmyndafræði, handleiðslu, álag á laun ásamt kílómetra gjald greitt. Aldrei færu færri en tveir starfsmenn inn á heimili í einu, ef ske kynni að það kæmu upp samstarfsörðugleikar. Ætíð þarf að gæta öryggis starfsmanna og tryggja velferð þeirra þar sem starfið mun krefjast mikils af þeim.

Misjafnar áherslur eru í hverju máli og tímalengd getur verið mismunandi, þar sem það fer eftir aðstæðum hverju sinni. Haldnir yrðu reglulegir fundir með starfsmönnum meðan á verkefni stendur þar sem farið er yfir stöðuna og handleiðsla veitt eftir þörfum. Stuðst er við þá þekkingu og reynslu er myndast hefur í vinnu viðbragðsteymisins í Reykjavík við útfærslu viðbragðsteymis í Árnesþingi. Stofnaður yrði þjónustusamningur við einstaklinginn þar sem fram kemur hvaða verk þurfi að inna af hendi. Starfsmenn fá handbók sem þeir myndu nýta í vinnu sinni.

Viðbragðsteymi Árnesþings

Forstöðumenn félagslegrar heimaþjónustu í Uppsveitum og Flóa, Hveragerði og Ölfusi hafa unnið saman að gerð stofnunar og mótunar teymisins. Teymið verður samansett af þremur starfsmönnum félagslegrar heimaþjónustu; einum frá hverju sveitarfélagi. Reynt verður að hafa starfsmennina frá öðru sveitarfélagi en því sem einstaklingurinn býr ef kostur er, en einnig er horft í styrkleika og persónuleika starfsmannanna við val á viðkomandi inn á hvert heimili. Forstöðumaður heimaþjónustu í Hveragerði verður milliliður, heldur utan um unna tíma og sér um samhæfingu teymisins ásamt handleiðslu ef þörf krefur. Starfsmenn munu einnig geta sótt sér handleiðslu hjá forstöðumanni heimaþjónustu í eigin sveitarfélagi eða því sveitarfélagi sem heimili viðkomandi einstaklings er staðsett.

Forstöðumenn eru:

Uppsveitir og Flói

Sigrún Símonardóttir

sigrun@laugaras.is

s. 480-1180

Sveitarfélagið Ölfus

Sigrún Theódórsdóttir

sigrunth@olfus.is

s. 483-3614

Hveragerði

Heiðdís A. Þórðardóttir

heiddis@hveragerdi.is

s. 483-4000